



Samgöngumál Borgarstjórn vill ekki byggja mislæg gatnamót, þau eru of ljót. Bara háhýsi sem mörgum finnst enn ljótari.

Það er virðingarvert að Pavel Bartoszek (Mbl. 13.2. 2021) skuli reyna að verja borgarlínuna fyrir hönd sinna manna í borgarstjórn Reykjavíkur. Honum finnst allt upplýst í 160 síðum í frumdragaskýrslunni sem nýlega kom út.

Það er virðingarvert að Pavel Bartoszek (Mbl. 13.2. 2021) skuli reyna að verja borgarlínuna fyrir hönd sinna manna í borgarstjórn Reykjavíkur. Honum finnst allt upplýst í 160 síðum í frumdragaskýrslunni sem nýlega kom út. En hann getur lesið það sem eftir er af skýrslunni (hún er 300 síður, ekki 160) án þess að finna annað en rauðan dregil sem kostar 1.200 krónur á millimetra og er alveg óþarfur, 24 metra bláan vagn á dísilrafmagni sem á ekki að kaupa hvort eð er, ótal bannaðar vinstribeygjur og hraðatakmarkanir og bílastíflur.

Borgarstjórn er úti að aka með sín samgöngumál. Hún vill ekki byggja mislæg gatnamót, þau eru of ljót, bara háhýsi við Lækjartorg sem mörgum finnst enn ljótari. Það er kolröng samgöngustefna að læsa sig inni í svona mislægri gatnamótaprjósku, láta svo umferðarsultuna eiga sig en hleypa strætó í gegn. Að byggja rándýra borgarlínu í sérrými fyrir 12% borgarbúa en láta 88%, og þar með allt atvinnulífið, sitja í súpunni gengur ekki upp.

*Jónas Elíasson*